

Alþingi
Erindi nr. D 121/1971
komudagur 4/13 1997



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Allsherjarnefnd Alþingis
b/t Sólveigar Pétursdóttur, formanns.

Reykjavík 28. febrúar 1997.

Efni: Frumvarp um samningsveð.


Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um samningsveð (234. mál). Verslunarráðið hefur á undanförunum árum hvatt eindregið til þess að sett væru heildarlög um þetta efni, enda uppfylla gildandi lagareglur illa þarfir nútíma viðskiptalífs. Verslunarráð Íslands styður fyrirliggjandi frumvarp og hvetur til þess að það verði samþykkt.

Verslunarráðið hefur við umfjöllun á fyrri þingum komið á framfæri ýmsum athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Tekið hefur verið tillit til þeirra með einni undantekningu og verður því sú athugasemd endurtekin.

Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um að heimilt sé að heimilt sé í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar. Verslunarráð telur rétt að ákvæðið sé opnara og heimili mönnum að miða við annað form verðtryggingar en vísitölu/gengi, s.s. gullverð, enda virðist það vera hugsunin á baki ákvæðinu sbr. orðið "verðtrygging" í lokaorði málsgreinarinnar. Því er lagt til að 3. mgr. 4. gr. hljóði svo:

"Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu, gengi eða annarri verðtryggingarviðmiðun, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar".

Virðingarfyllt
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Jónas Fr. Jónsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími 588-6666
Bréfsími 568-6564
Telex 2316 Chambr is